

VERKLAGS- OG ÚTHLUTUNARREGLUR

VEGNA ÚTHLUTUNAR STYRKJA ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI SÓKNARÁÆTLUNAR VESTURLANDS.

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Uppbyggingarsjóðurinn er samkeppnissjóður. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og eru þær metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í samningi um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 og þeim áherslum sem eru í þessum reglum.

ÚTHLUTUNARNEFND

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skipar 5 manna úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Stjórn SSV tilnefnir jafnframt formann nefndarinnar. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Starfsmenn SSV geta ekki setið í úthlutunarnefndinni. Fulltrúar í úthlutunarnefnd skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats. Nefndin starfar í samræmi við þessar reglur, en hefur heimild til að setja sér verklagsreglur um vinnulag við úthlutun styrkja.

Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum um ákvarðanatöku og vikja sæti ef fyrirliggjandi ástæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum.

Stjórn SSV hefur heimild til að skipa tvö fagrað ef þurfa þykir:

- a) fagrað menningar
- b) fagrað atvinnu og nýsköpunar

Hlutverk fagraðanna yrði að fara yfir umsóknir um styrki og leggja tillögur um styrkveitingar fyrir úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs.

ÁHERSLUR UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

Við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands skal taka mið af eftirfarandi áherslum sjóðsins:

1. Sóknaráætlun. Verkefnið þarf að stuðla að framgangi Sóknaráætlunar Vesturlands 2015-2019.
2. Samstarf. Æskilegt er að tveir eða fleiri þátttakendur standi að baki hverri umsókn og í umsókn sé rökstutt hvernig samstarfið gagnist verkefninu. Þetta á ekki við um minni menningarverkefni.

3. Samstarf við háskóla, rannsókn- eða fræðastofnanir skal teljast umsóknum til tekna.
4. Atvinnuuppbygging. Stuðlar verkefnið að fjölgun atvinnutækifæra.
5. Fjölbreytni og nýsköpun. Stuðlar verkefnið að nýsköpun og aukinni fjölbreytni innan atvinnulífs og í menningarstarfi.
6. Mannauður. Hækkun menntunar- og þekkingarstigs.

UMSÆKJENDUR

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög á Vesturlandi. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði. Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki skulu vera lögaðilar á sviði menningarmála.

STYRKIR UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

1. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins og skulu umsækjendur sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlag. Gera þarf grein fyrir hvers eðlis mótframlagið er þ.e. hvort það er í formi vinnuframlags eða fjármagns.
2. Verkefni sem Uppbyggingarsjóður Vesturlands styrkir eru:
 - 1) Verkefni á sviði menningar
 - 2) Stofn- og rekstrarverkefni menningarmála
 - 3) Verkefni á sviði atvinnu og nýsköpunar.
3. Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis og styrkuppþæð.
4. Umsækjandi þarf alla jafna hafa skilað inn lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um styrk til framhalds verkefnis.

UMSÓKNARFERLI OG FRAMKVÆMD

Starfsmenn SSV, í umboði stjórnar SSV sjá um að auglýsa eftir umsóknum. Þeir taka við umsóknum og ganga frá þeim í hendur úthlutunarnefndar. Þegar úthlutun er lokið sjá þeir um dagleg samskipti og eftirfylgni við styrkþega.

1. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki að lágmarki einu sinni á ári.
2. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda /umsækjendur. Umsóknum skal skilað rafrænt skv. leiðbeiningum á umsóknarblaði.

3. Uppbyggingarsjóður og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, skil á skýrslum og eftirfylgni.
4. Greiðslur styrkja
 - a. Við undirritun samnings er heimilt að greiða 25% samningsupphæðar. Heimilt er að greiða allt að 50% styrkupphæðar við skil á framvinduskýrslu. Lokagreiðsla er greidd út að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
 - b. Styrkir sem eru kr.500.000 eða lægri greiðast þannig út að allt að 50% er greitt við undirritun samnings og eftirstöðvar þegar fullnægjandi lokaskýrslu hefur verið skilað inn og samþykkt.
 - c. Ef ekkert verður af verkefninu fellur styrkur frá Uppbyggingarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis SSV, er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.
 - d. Sé styrkumsókn samþykkt skal SSV tilkynna styrkhafa um styrkveitingu. Umsækjandi hefur tvo mánuði til þess að skrifa undir samninga frá því hann hefur fengið senda staðfestingu á því að hann hafi hlotið styrk. Hafi samningur ekki verið undirritaður innan tveggja mánaða fellur áður samþykktur styrkur niður.

STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Styrkir Uppbyggingarsjóðs taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar. Styrkhæfur kostnaður skal koma fram í styrkumsókn til Uppbyggingarsjóðs. Eftirfarandi dæmi eru leiðbeiningar um hvað fellur undir styrkhæfan kostnað:

1. Laun og launatengd gjöld

Aðeins verður tekinn til greina sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum og ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa. Tímaskýrslur skulu haldnar til að sýna fram á hvernig vinnu við verkefnið er háttað. Þetta útilokar ekki að sjálfboðavinna geti talist sem mótframlag.

2. Ferða- og fundakostnaður

Leitast skal við að velja ódýran og umhverfisvænan ferðamáta. Gerð skal grein fyrir öllum ferðum bæði utanlands og innanlands, hver sé tilgangur ferðanna, hvert verði farið og áætlun um ferðakostnað.

3. Rekstrarvörur

Lýsa þarf í umsókn hvers konar aðföng eru nauðsynleg fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur sem tengjast rannsókn- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörum og áætla kostnað. Ef um sérhæfðar rannsóknir er að ræða þar sem þörf er á dýrum rekstrarvörum til notkunar í tilraunaframléiðslu skal upplýsa um vöruflokka og einingarverð.

4. Tæki

Heimilt er að kaupa sérhæfð tæki sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnisins. Ekki er heimilt að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað.

5. Aðkeypt þjónusta

Aðkeyptri þjónustu skal haldið í lágmarki og ávallt vera vel rökstudd. Í umsókn skal lýsa aðkeyptri þjónustu og af hverjum þjónustan verður keypt. Gera á grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptri þjónustu eða ráðgjöf, hvað þjónustan mun kosta, hver er hinn skilgreindi afrakstur og hverjir afgreiðsluskilmálarnir verða. Þátttakendur í verkefninu geta ekki fengið greitt fyrir "aðkeypta þjónustu".

STYRKIR UPPBYGGINGARSJÓÐS TAKA EKKI TIL EFTIRFARANDI ÞÁTTA

1. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxta til viðmiðunar við útreikning launa.
2. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga í fyrirtækjum né til kaupa á lóð eða húsnæði.
3. Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað.
4. Sá kostnaður sem fallið hefur til verkefnis áður en sótt er um, er ekki styrkhæfur.
5. Ekki er veittur styrkur til hópferðalaga utanlands.

ÁBYRGÐ

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins.

Þessar úthlutunarreglur skulu endurskoðaðar við upphaf hvers árs.

Þannig samþykkt af stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 20. janúar 2016.